

Fundargerð Aðalfundar 2007

**Aðalfundur Skýrslutæknifélags Íslands
haldinn á Hótel Reykjavík Centrum
8. febrúar 2007 kl. 15:00- 16:45**

Jóhann Gunnarsson var einróma kosinn fundarstjóri og staðfesti hann að fundurinn væri löglegur.

1. **Skýrsla stjórnar fyrir árið 2006**
Svana Helen Björnsdóttir, formaður Skýrslutæknifélagsins, flutti skýrslu stjórnar og var hún samþykkt einróma. Sjá:
http://www.sky.is/images/stories/Felagsfundir/Skyrsla_stjornar_Sky_2006.doc
2. **Skýrslur nefnda og starfshópa**
 - a) **Orðanefnd**
Sigrún Helgadóttir, formaður Orðanefndar flutti skýrslu Orðanefndar, sjá hér:
http://www.sky.is/images/stories/MyndirOrdanefnd/Arsskyrslur/Skyrsla_Ordanefnd_2006.doc, þar sem hún sagði frá Tölvuorðasafninu á vefnum og hvatti fundarmenn til að skoða það á vef Ský. Hún sagði einnig frá pistlum Stefáns Briem og orði vikunnar.
 - b) **Ritnefnd Tölvumála**
Halldór Jón Garðarsson formaður ritnefndar sagði frá starfi ritnefndar á árinu. Sjá skýrslu ritnefndar:
http://www.sky.is/images/stories/Tolvumal/2006_Skyrsla_Tolvumal.doc fyrir árið 2006. Halldór þakkaði Einari H. Reynis fyrrum formanni ritnefndar sérstaklega vel unnið starf á fyrri árum.
 - c) **Fókus**
Valgerður Gunnarsdóttir, formaður Fókus faghóps um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu flutti ársskýrslu Fókus 2006. Sjá ársskýrslu Fókus:
http://www.sky.is/images/stories/Fokus_Tolvumal/Fokus/ARSSKYRSLA_2007.doc Sagði hún frá blómlegu starfi Fókus á árinu 2006 og að í bígerð væri að próa sérstakt námshvetjandi efni fyrir heilbrigðisstarfsmenn í samráði við ECDL-F og Heilbrigðisráðuneytið.
 - d) **Öldungadeild**
Örn S. Kaldalóns fjallaði um starf öldungadeildar og sagði frá breytingum á samþykktum 3 – 5. Hann sagði einnig frá ósk öldungadeildar um að setja upp safn – og að þeir hefðu komið á stofni húsnæðisnefnd. En skýrslu Öldungaráðs má sjá hér:
http://www.sky.is/images/stories/Oldungadeild/Arsskyrslur/2006_arsskyrsla_Oldunga_deild.doc
 - e) **UT-konur**
Ásrún Matthíasdóttir sagði frá kynningarbæklingi sem senda á öllum 15 ára stúlkum á árinu, hann væri í prentun og færi bráðlega út. Nokkrir aðilar styrktu útgáfuna myndarlega. Markmið eða þema starfs ut-kvenna þetta árið væri að kynna ungu fóki og þá helst ungu stúlkum upplýsingatækninámið.

3. **Reikningar félagsins fyrir árið 2006**
Hólmfríður Arnardóttir lagði fram reikninga félagsins í fjarveru Jóhanns Kristjánssonar gjaldkerfa og voru þeir samþykktir samhljóða.
4. **Lagabreytingar**
Engar tillögur að lagabreytingum að svo stöddu.

5. Ákvörðun félagsgjalda fyrir árið 2006

Hólmfríður Arnardóttir lagði fram tillögu stjórnar að breyttum félagsgjöldum.

Lagt var til að félagsgjöld hækkuðu um 6,5%, en það gera:

kr. 20.400,- fyrir fyrsta mann, 10.200,- fyrir annan mann og einstaklinga, 5.100,- þar eftir. Sú tillaga var samþykkt samhljóða.

6. Stjórnarkjör

Á aðalfundi 2006 voru þau Ebba Þóra Hvanberg, Eggert Ólafsson og Þorvaldur Jacobsen kosin til tveggja ára. En þar sem Ebba Þóra og Þorvaldur þurftu að biðjast lausnar frá stjórnarsetu þá voru þeirra sæti laus og Eggert Ólafsson gaf ekki kost á sér áfram í aðalstjórn en vildi gefa kost á sér í varamennsku og því þurfti að kjósa í hans sæti líka. Svana Helen gaf hinsvegar kost á sér í eitt ár í viðbót, Jóhann Kristjánsson gaf einnig kost á sér áfram til eins árs þannig að kjósa þurfti í fjögur sæti. Þrjú til tveggja ára og eitt til eins árs.

Voru þessi framboð í aðalstjórn öll samþykkt.

Það er: Ásrún Matthíasdóttir til eins árs
 Magnús Hafliðason til tveggja ára
 Jónína S. Lárusdóttir til tveggja ára og
 Jón Heiðar Þorsteinsson til tveggja ára

Á aðalfundi 2006 voru kosnir varamenn til eins árs:

Halldór Jón Garðarsson
Ólafur Aðalsteinsson

Aðalfundur 2007 þarf því að kjósa tvo varamenn til eins árs

Þessar tillögur að varamönnum til eins árs voru lagðar fram og voru þær samþykktar samhljóða:

Eggert Ólafsson
Einar H. Reynis

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Sigurjón Pétursson og Jakob Sigurðsson gáfu aftur kost á sér sem skoðunarmenn reikninga og var það samþykkt samhljóða.

8. Nefndakjör

Halldór Jón Garðarsson gaf ekki kost á sér aftur sem ritstjóri ritnefndar. Þorvarður

Kári Ólafsson gaf kost á sér og var einróma kjörinn ritstjóri Tölvumála.

Siðanefnd var sjálfkjörinn aftur en siðanefnd er kosin til eins árs

Stjórn félagsins skipar Orðanefnd og þess vegna var hún ekki í kosningu hér.

9. Önnur mál

Jens Pétur Jensson kom þá tillögu að félagið hefði samband við SVEF: Samtök fyrirtækja í vefiðnaði og athugaði hvort SVEF myndi ekki vilja ganga í Ský sem faghópur eða deild. Hólmfríður Arnardóttir framkvæmdastjóri mun athuga þetta í samráði við stjórn.

Sigrún Helgadóttir bað um orðið til að lýsa yfir ánægju sinni yfir því hver margar konur væru í stjórn félagsins og spurði hvort ekki mætti fjölga konum í ritnefnd. Nýkjörinn ritstjóri ætlaði að taka það mál til athugunar.

25 sóttu fundinn.

Ritarar voru Hólmfríður Arnardóttir og Sóley Jensdóttir, starfsmenn félagsins.